

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 16. júní 1998.

Davíð Oddsson.

Kristján Andri Stefánsson.

Nr. 80

16. júní 1998

LÖG

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt,
með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 2. mgr. 14. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo: Aðgangur að vegamann-virkjum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 16. júní 1998.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Geir H. Haarde.

Nr. 81

16. júní 1998

LÖG

um breyting á tollalögum, nr. 55/1987,
með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á orðskilgreiningum 1. mgr. 1. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „sbr. viðauka II við lög þessi“ í skilgreiningu orðsins *Tollabinding* kemur: sbr. viðauka IIA og IIB við lög þessi. Einnig hámark tolla samkvæmt ráðherraýfirlýsingu